



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnsýsla og tengiliðir söttvarnalæknis.

## STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 30.01.2020

Kl.: 13:00

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Söttvarnalæknir,

### Óvissustig vegna kórónaveiru (2019-nCoV)

#### Lýsing á atburði

Í lok desember 2019 bárust fregnir af alvarlegum lungnasýkingum í Wuhan-borg í Kína. Í kjölfarið var staðfest að um áður óþekkt kórónaveiruaufbrigði er að ræða, sem nú kallast 2019-nCoV. Staðfest er að veiran smitast á milli manna og að hún getur valdið alvarlegum veikindum. Faraldurinn breiðist hratt út en enn sem komið er hafa flest tilföll greint í Kína. Söttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin framkvæma áhættumat daglega og miðla niðurstöðu til söttvarnaryfirvalda. Ekkert smit hefur verið staðfest á Íslandi.

Í ljósi þessara upplýsinga lýsti Ríkislögreglustjóri yfir óvissustigi almanna-Varna þann 27. janúar 2020 í samráði við söttvarnalækni og embætti landlæknis vegna kórónaveiru (2019-nCoV).

Unnið er samkvæmt viðbragðsáætlun almanna-Varna, Landsáætlun CBRNE – Lýðheilsa og öðrum fyrirliggjandi viðbragðsáætlunum, s.s. söttvarna fyrir alþjóðaflugvelli. Samráðsfundir Söttvarnalæknis eru haldnir daglega.

#### Samantekt

- Almanna-Varnadeild ríkislögreglustjóra
- Embætti landlæknis / Söttvarnalæknir. [Sjá upplýsingasíðu](#)
- Landspítalinn - smitsjúkdómadeild
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
- Rauði Krossinn
- Heilbrigðisstofnanir
- Heilsuvera
- Læknavaktin
- Flugsamgöngur Keflavíkurflugvöllur
- Ferðaþjónustuaðilar
- Utanríkisráðuneytið

## Staða mála

### Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag 30. janúar 2020 hefur sýking af völdum 2019-nCoV verið staðfest hjá um 7.824 einstaklingum og um 170 einstaklingar hafa látist (2,2%). Auk þess eru upplýsingar um alvarleg veikindi hjá fjölda einstaklinga.

Tilföll sem greint hafa eru frá Kína (7.734), Taívan (8), Taílandi (14), Ástralíu (7), Malasíu (7), Singapúr (10), Frakklandi (4), Japan (11), Suður-Kóreu (4), Bandaríkjunum (5), Víetnam (2), Kanada (3), Nepal (1), Filippseyjar (1), Shrilanka (1), Kambodía (1), Indland (1), Sameinuðu arabísku furstadæmin (4) og Þýskaland (4), Finnland (1). Lang flest tilföll eru upprunnin í Kína.



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Söttvornalæknir mælir með að ferðamenn sleppi ónauðsynlegum ferðalögum til svæða þar sem faraldur nýrrar kórónaveiru 2019-nCoV er í gangi, sérstaklega Kína. [Nánar.](#)

Utanríkisráðuneytið – sendiráð Íslands í Peking kemur boðum til Íslendinga í Kína ef koma þarf upplýsingum á framfæri. Sendiráðið hefur sett inn tilkynningar á samfélagsmiðla (sjá Facebook <https://www.facebook.com/utanrikisthjonustan/>) og vef þar sem fólki er bent á að skrá sig hjá borgarþjónustunni á netfanginu [help@mfa.is](mailto:help@mfa.is). Þannig fjölga sendiráðið þeim Íslendingum sem þau geta auðveldlega náð til ef þörf er á.

## Ísland

Enginn einstaklingur hefur enn sem komið er greinst á Íslandi.

Söttvornalæknir (SVL) gerir ráð fyrir að veiran muni berast hingað til lands og því mikilvægt að grípa til ráðstafana til að hefta útbreiðslu hennar sem mest hér á landi. Engar aðgerðir munu hins vegar tryggja að veiran berist ekki hingað til lands.

Á fundi sóttvornalæknis með heilbrigðisráðherra í gær var rætt um möguleikann á því að loka Keflavíkurflugvelli og öðrum alþjóðaflugvöllum á Íslandi. Ráðherra var sammála mati sóttvornalæknis að slíkar ráðstafanir kæmu ekki greina því þær þyrftu að standa mánuðum saman og myndu valda víðtækum og alvarlegum afleiðingum fyrir íslenskt samfélag. Ráðherra lýsti einnig yfir samþykki sínu við þær sóttvornarástafanir sem nú eru í gangi.

Á fundi sóttvornalæknis og almannavarnadeildar RLS var í morgun var rætt um viðbragð ef grunur um kórónaveiru kemur upp hér á landi eða einstaklingur greinist með veiruna. Áfram er unnið að upplýsingamiðlun og uppfærslu leiðbeininga til heilbrigðisstarfsfólks, almennings og ferðþjónustunnar. Upplýsingar eru þýddar og vistaðar á vef embættis landlækni s undir <https://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item38806/Koronaveiran-2019-nCoV-%e2%80%93-Novel-coronavirus-2019-nCoV>

Samræming allra viðbragðsaðila afar mikilvæg í aðgerðum sem þessum.

Áfram er unnið að þarfagreiningu varðandi einangrunaraðstöðu fyrir ferðamenn, aðbúnað og bjargir þegar kemur að einangrun.

Kínverska sendiráðið aðstoðar við að þýða efni og koma upplýsingum á framfæri.

Ef einstaklingar finna fyrir veikindum er þeim bent á að hringja í **síma 1700 (fyrir erlend símanúmer +354 544-4113)** varðandi nánari upplýsingar og hvernig þeir eigi að nálgast heilbrigðisferfið.

Þessir einstaklingar eru sérstaklega beðnir um að mæta ekki á bráðamóttöku sjúkrahúsa eða á heilsugæslustöðvar nema að fengnum ráðleggingum í síma. Einstaklingar með grunsamlega eða staðfesta sýkingu verða settir í einangrun skv. nánari leiðbeiningum. Einkennalausir einstaklingar sem hafa verið í samneyti við einstaklinga með staðfesta eða líklega sýkingu verða settir í sóttkví skv. nánari leiðbeiningum. Nánari upplýsingar um 2019-nCoV má finna á vef embættis landlæknis

Söttvornalæknir vill hvetja einstaklinga á ferðalögum erlendis, sérstaklega í Kína að:

- Gæta vel að almennu hreinlæti, sérstaklega handþvotti.
- Forðast náið samneyti við einstaklinga sem eru með hósta og almenn kvefeinkenni.
- Forðast samneyti við villt dýr eða dýr á almennum mörkuðum.
- Nota pappír/klút fyrir vit við hnerra þegar um kvefeinkenni er að ræða og þvo hendur reglulega.
- Láta heilbrigðisstarfsmenn vita um ferðir sínar ef einstaklingar þurfa að leita til heilbrigðiskerfisins hér á landi.



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNADEILD



### Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Samhæfir aðgerðir í samstarfi við embætti landlæknis / Sóttvarnalækni

### Embætti landlæknis / Sóttvarnalæknir

Unnið að samræmingu aðgerða og leiðbeiningum og efni fyrir almenning, heilbrigðisstarfsfólk, ferðaþjónustuaðila og aðra. Leiðbeiningar eru uppfærðar þegar þurfa þykir. Unnið að þýðingu efnis á kínversku.

### Landspítalinn

Situr daglega samráðsfundi SVL, síðast þann 30.1. Unnið eftir hefðbundnum ferlum: Aðkoma, aðstæður, búnaður, bjargir.

### Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) / Heilsuvera.is

Umdæmis og svæðislæknar (Umd/Svæ)-SVL á höfuðborgarsvæðinu situr dagl. samráðsfundi með SVL. Unnið að upplýsingamiðlun og viðbúnaði ef annast þarf sjúklinga/hafa þarf eftirlit með sóttkví í heimahúsi.

### Keflavíkurflugvöllur, alþjóðaflugvellir Akureyri, Egilsstaðir og Reykjavík.

Fundur 29.1 með starfsfólki alþjóðaflugvalla um sýkingavarnir og farið yfir viðbrögð og upplýsingaflæði. Upplýsingum/einblöðungum er varðar smitgát er dreift á ensku og íslensku til ferðamanna.

### Ferðaþjónustuaðilar

Samráð við Ferðamálastofu sem er tilbúin til að dreifa upplýsingum í gegn um sína gagnagrunna til ferðaþjónustuaðila.

### Heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni

Samráðsfundur SVL haldinn 30.1..

### Læknavaktin

Símaþjónusta 1700 er hafin. Fyrir erlend símanúmer +354 544-4113.

Miðlar upplýsingum og tryggir svörun 24/7. Hafa samráð við HH um að tryggja að gang að vakthafandi lækni á nóttunni. BMT í Fossvogi hefur tekið við slíkum erindum en í faraldri þarf að tryggja vitjun í heimahús allan sólarhringinn.

### Rauði Krossinn

þarfagreiningu v/einangrunaraðstöðu fyrir ferðamenn í hverju sóttvarnaumdæmi.